

Íslandsbanki: Skýrslur ársins 2022 birtar

Íslandsbanki hefur gefið út þrjár skýrslur vegna ársins 2022, Árs- og sjálfbærnisráðgjafarýrslu, Áhættuskýrslu (Pillar 3) og kolefnishlutleysiskýrsluna *On the road to net-zero*, þar sem farið er yfir markmið og árangur bankans á sviði loftslagsmála.

Árs- og sjálfbærnisráðgjafarýrslu

Skýrslan gefur greinargóða mynd af starfsemi, rekstri og stefnu bankans á árinu 2022. Meðal þess sem fram kemur í sjálfbærnihluta skýrslunnar er að sífellt fleiri viðskiptavinir og samstarfsaðilar bankans sjá þau miklu tækifæri sem felast í því að Ísland verði leiðandi á sviði sjálfbærni. Bankinn, sem hefur einsett sér að vera hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu, lagði á árinu sérstaka áherslu á að ræða sjálfbærni og loftslagsmál við mikilvæga birgja bankans.

Áhættuskýrsla (Pillar 3)

Áhættuskýrslan er birt á ensku, en markmið hennar er að uppfylla lögbundnar kröfur um upplýsingagjöf og veita markaðsaðilum og öðrum áhugasömum upplýsingar sem ætlað er að auka skilning á áhættustýringu bankans.

Leiðin að kolefnisleysi

Kolefnishlutleysiskýrsla Íslandsbanka, *On the road to net-zero*, sýnir að markmið um kolefnishlutleysi lánasafns bankans árið 2040 eru verulega metnaðarfull en þó möguleg í flestum atvinnugreinum. Íslandsbanki hafði áður sett sér markmið um að draga úr kolefnisspori af rekstri bankans um 50% frá 2019 til 2024. Þá hefur bankinn kolefnisjafnað reksturinn að fullu með vottuðum einingum frá því árið 2019.

Í skýrslunni eru í fyrsta sinn birt markmið um samdrátt fyrir ákveðnar atvinnugreinar og ná þau yfir 61% heildarútlána og 71% heildarlosunar. Þá hefur starfsemi Íslandssjóða, sjóðastýringarfyrirtækis í eigu Íslandsbanka, einnig í fyrsta sinn verið færð inn í mælingu á fjármögnum útblæstri. Skýrslan er birt á ensku.

Nálgast má ofangreindar skýrslur, ásamt fjárhagsupplýsingum fyrir árið 2022, á ársskýrsluvef bankans: <https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/ars-og-sjalfbaerniskyrsla-islandsbanka-2022>

Fjárfestatengsl – Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri – Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Póstlisti Íslandsbanka

Ef þú vilt gerast áskrifandi að kauphallarfréttum Íslandsbanka þá vinsamlegast skráðu þig hér:

https://www.islandsbanki.is/is/grein/postlisti_ir

Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýnina að vera #1 í þjónustu að leiðarljósi vinna þrjár viðskiptaæiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavinina sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með láns hæfismatið BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Fyrirvari

Framangreind fréttatilkynning gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissuþáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspeglar atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki seinna meir á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.

Viðhengi

[Íslandsbanki: Skýrslur ársins 2022 birtar](#)